

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS

g

GÚTTÓ ehf
H-prent
Silfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: halldor@bb.is

OG

JARÐAR

Báturinn mátti fara

„Sem dæmi um veðurofsann, þá barst í tal að zódiakinn væri að losna og hvort ekki væri rétt að fara út og festa hann betur. Geiri Bjartar skipstjóri vildi það alls ekki og sagði að helvítis báturinn mætti fara, hér færi enginn maður út á dekk.“
– Aflaklói Guðmundur Einarsson í Bolungarvík er í viðtali vikunnar.



— sjá bls. 18 og 20.

B3

Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Miðvikudagur 16. apríl 2014 · 15. tbl. · 31. árg. · Ókeypis eintak

Kústar & sköfur
Sella 2 Sella 2

3X gefur hjarta-hnoðtæki

3X Technology á Ísafirði færði Rauða kross Íslands hjartahnoðtæki á laugardag til nota í sjúkrabifreið félagsins á Ísafirði. Verðmæti gjafarinnar er um tvær milljónir króna. Hér sýnir Hlynur Kristjánsson sjúkraflutningamaður hvernig tækið virkar.

Umhverfisvænar-
Umhverfissvottaðar
hreinlætisvörur

sem virka

SMÍÐJAN

VERSLUN SINDRAGÖTU 12
Opð mánudaga til föstudaga 8-18
Opð laugardaga 10-14
Sími: 456-1300

Kíktu til okkar
í Hafnarstræti 9
Ísafirði

Afgreiðslutími:
Virka daga 10:00-22:00
Lau & sun 11:00-22:00

SUBWAY

EINFÖLD REIKNIVÉL
Á **eBOX.IS**

eBOX
auðveldar smásendingar

Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA
SMÆRRI SENDINGAR

Eimskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskips á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

EIMSKIP
eBOX

Fjölmenni í afmæli 3X Technology

Fjöldi fólks lagði leið sína í höfuðstöðvar 3X Technology á Ísafirði á laugardag til að samfagna 20 ára afmæli fyrirtækisins með eigendum og starfsfólki. Í framleiðslusal fyrirtækisins var boðið upp á ljúffengar veitingar og starfsmenn 3X Technology svöruðu spurningum gesta um helstu tæki í vörulínu fyrirtækisins en hluti af þeim var til sýnis í framleiðslusalnum. Í tilefni afmælisins veitti fyrirtækið veglega gjafir. Albert Högnason, þróunarstjóri og einn stofnenda 3X Technology, færði Rauða krossi

Íslands hjartahnoðtæki til nota í sjúkrabifreið félagsins á Ísafirði og nágrenni. Verðmæti tækisins er um tvær milljónir króna.

Tækið, sem er það fjórða sinnar tegundar héraendis, gerir bráðaliðum auðveldara með að sinna sjúklingum í hjartastoppi en tækið sér um að hnoða sjúklinginn meðan bráðaliðinn sinnir öðrum aðkallandi störfum á meðan á sjúkraflutningi stendur. Þorbjörn Sveinsson, slökkviliðsstjóri á Ísafirði, veitti tækinu viðtöku. Albert afhenti einnig Skíðafélagi Ísfirðinga styrk að upphæð 200.000

krónur til kaupa á nýjum heildstæðum tímatökubúnaði af Tag Heuer gerð og saman stendur af markhliði, starti, búnaðinum sjálfum ásamt tölvuforriti. Hápunktur afmælisgesta af yngri kynslóðinni var tvímælalaust heimsókn Línu Langsokks og félaga.

Stofnendur fyrirtækisins voru þrír ungir menn á Ísafirði með reynslu af fiskvinnslu og tæknilausnum. Í fyrstu var markmiðið að hanna og framleiða vinnslubúnað fyrir sjávarútveginn á Íslandi, aðallega rækjuíðnaðinn.



Þorbjörn Sveinsson (t.h.) veitti hjartahnoðtækinu viðtöku.

Tæknin sem fyrirtækið þróaði þótti nýstárleg og viðskiptavinir voru fljótir að nýta sér hana enda sáu þeir að framleiðni og hráefnisnýting batnaði verulega. Árið 1998 hófst útflutningur á vörum þess og nú selur fyrirtækið vinnslulausnir fyrir matvælageirann um víða veröld. Viðskiptavinir 3X Technology er nú að finna í fjórum heimsálfum. Frumkvöðlaandi fyrstu árána hefur viðhaldið, og allt frá fyrsta degi hefur

fyrirtækið lagt alla áherslu á að bjóða gæðavörur sem færa viðskiptavinum verulegan ávinning.

Fyrirtækið er nú með starfsstöð á tveimur stöðum en auk starfseminnar á Ísafirði þar sem starfa um 40 manns er félagið með sölu-skrifstofu, þjónustudeild og samsetningu á Flex vörulínu félagsins að Fiskislóð 73 í Reykjavík en þar starfa 10 manns.

– smari@bb.is

Tónlistarveisla á Hótel Ísafirði

SKÍRDAG KL. 20:30 - ÓKEYPIS AÐGANGUR

**Rúnar Þóris, Lára og Margrét Rúnars
ásamt Arnari Gísla og Birki Rafni
Snorri Helgason, Silla og Sigríður
Thorlacius ásamt Guðmundi Óskar**

Hressandi páskamatseðill
Opið alla daga yfir páskana

Upplýsingar í síma 456 4111 | www.vidpollinn.is

VIÐ POLLINN

Veitingar á Hótel Ísafirði

Samið við Hjallastefnuna

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur ákveðið að ganga til samninga um yfirtöku Hjallastefnunnar ehf. á rekstri leikskólans Eyrarskjóls. Samningurinn verður gerður til reynslu í eitt ár en að þeim tíma liðnum endurnýjast hann til fimm ára í senn.

Sveitarfélagið ber áfram ábyrgð á eftirliti með starfseminni lögum samkvæmt og njóta börn í leik-

skólanum allrar þjónustu sveitarfélagsins, t.d. talkennslu og sálfræðiþjónustu. Eyrarskjól hefur starfað í anda Hjallastefnunnar undanfarin 15 ár en nú hefur verið ákveðið að stíga skrefið til fulls. Foreldrar ættu ekki að verða varir við neinar sérstakar breytingar, öllu starfsfólki leikskólans verður boðið áframhaldandi starf og leikskólagjöld verða óbreytt.



BREYTT ÚTLIT Á A+ VÖRUNUM

HÁGÆÐA HÚÐVÖRUR FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA Á FRÁBÆRU VERÐI.
ENGIN ILM- EÐA LITAREFNI. **FÁST NÚ Í APÓTEKUM**



VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Á Laugalandi í Borgarfirði rækta hjónin Þórhallur og Erla gúrkur en fjölskylda Þórhalls hefur stundað garðyrkju þar frá árinu 1942. Jarðhiti er á svæðinu og notast þau við eigin vatsveitu til að hita upp gróðurhúsin með vatni frá hvernum. Gúrkurnar eru tindar á hverjum degi, pakkað og komið beint til neytenda svo ferskleikinn er tryggður.

- Gúrkusafi Þórhalls og Erlu sem hressir, bætir og kætir! -

// 1 stk gúrka // 1 stk epli // 2 cm engifer // ca 10 blöð og stöngull af myntu // Lítið mál að bæta við steinseljju, selleri, kóriander, spinati. Því grænni því betri!

Allt sett í safavélina. Auðvelt að setja á flösku og taka með í vinnuna eða bara njóta áður en vinnudagurinn hefst.



islenskt.is

ÞU VEIST
HVAÐAN ÞAÐ
KEMUR

íslenskt
grænmeti



Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmenn: Halldór Sveinbjörnsson, Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamenn: Harpa Oddbjörnsdóttir, 846 7487, harpa@bb.is
Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthafið bb@bb.is.
Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Kólflausar klukkur

Þó einhver stjarnfræðilegur útreikningur leiði til þeirrar niðurstöðu að páskadagur í ár rennur ekki upp fyrir en 20. apríl, í stað 31. mars á síðasta ári, er tilhugsunin um páskafríð einhvern veginn alltaf sú sama. Sem fyrr flykkjast „gamlir“ Ísfirðingar á heimaslóðir til endurfunda við ættingja og vini, gangandi að því vísu að Skíðavikan, hin eina og sanna, sé til staðar að ógleymdri Aldrei fór ég suður-hátíðinni, sem stöðugt eykur við vinsældir sínar og orða má að slegist sé um að fá að koma fram á.

Samt er sitthvað alltaf einhverjum breytingum undirorpið. Þannig færast kynslóðirnar upp um eitt þrep í lífsstíganum með hverju árinu sem líður; nýir hópar hefja gönguna á meðan aðrir ljúka henni. Hið sama á við um bæinn okkar. Ef til vill stendur einhver frammi fyrir því að gamla húsið sem svo margar minningar tengdust er horfið, þegar að er gáð, meðan önnur hafa endurheimt sitt fyrra horf og ný hafa risið af grunni.

Þannig er bara lífið.

*

**Þið hringið inn upprisu jarðar, kólflausu klukkur klukkur af gullnu silki, lifandi silki!
Of skærar augum manns, skammdegið var svo dimmt.
Þið skínið í garðinum, sólir fæddar af mold.**

**Sólir sem skínið, klukkur sem kólflausar hringið!
Klukkur sem syngið!**

*

Kennið mér ykkar hógværð, blóm hjórt eins og sólir.

Svo kemst Hannes Pétursson að orði í kvæði sínu „Páskaliþjúr.“ Með þessum hugljúfu orðum og bæn skáldsins óskar Bæjarins besta landsmönnum öllum gleðilegrar páskahátíðar; býður alla þá sem hingað leggja leið sína velkomna, vonar að þeir njóti dvalarinnar og eigi síðan góða heimkomu.

s.h.

Spurning vikunnar

Átt þú séreignarsparnað sem þú gæti hugsað þér að nota til að greiða niður lán?

Alls svöruðu 329.

Já sögðu 62 eða 19%

Nei sögðu 267 eða 81%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Hjalti og Ágústa færðu Torfa flöskuskeytið sem var hálft ár á leiðinni frá Hesteyrarfirði.


Fékk flöskuskeyti nánast upp að dyrum

„Einhverjir félagar mínir, sem eru skútumenn, lágu í firðinum og fengu þá flugu í höfuðið að gera þetta, fyrst það var nú ekkert talstöðvar- eða símasamband. Þeir settu skeytið í forlata rauðvínslösku og sendu hana af stað. Svo hringir herna kona í mig í gær, „Torfi Einarsson? Já ég er með bréf til þín“, „nú?“ segi ég bara. „Já við fundum flöskuskeyti með bréfi til þín“ sagði hún og

þegar ég spurði hvar þau hefðu fundið það sagðist hún hafa keyrt að Skarfaskeri í Hnífsdal og fundið það þar.

„Ég á einmitt heima hér í Hnífsdal! Það hefur bara verið alveg á leiðinni til mín“ sagði ég við hana. Ég skil ekki hvernig glerflaskan hefur borist hingað ósködduð, það hefur verið brjáláð veður og ofboðsleg brim undanfarið og mikið um stórgrýti hér,“

segir Torfi og bætir því við að flaskan hafi verið fljótari á leiðinni til hans heldur sumt sem sent er með póstinum. Til gamans má geta þess að Ágústa Hjaltadóttir, konan sem fann flöskuskeytið þegar hún var í bíltúr með syni sínum Hjalta, er eiginkona Kjartans Davíðssonar sem einmitt þennan sama dag var staddur fyrir tilviljun á námvæmlega þeim stað þar sem félagar Torfa sjósettu skeytið.



Flöskuskeytið góða.



Páskatilboð

4.990

frá kr. á dag.*



Við bjóðum úrval nýrra, sparneytinna og vel útbúinna bíla á páskatilboði. Veldu góða þjónustu og mundu að við erum á 16 stöðum um land allt.

Kynntu þér málið og bókaðu á

www.holdur.is

* Innifalið er 50 km á dag, Vsk og CDW kaskótrygging. Tilboðið gildir frá 10. - 30. apríl 2014



Þínar þarfir - okkar þjónusta



Bílaleigubílar innanlands og erlendis
Aðalnúmer 461 6000 • www.holdur.is

Ferðafólk athugið!


Víða er mjög lágt undir háspennulínur á fjöllum. Gætum ýtrustu varúðar við þessar aðstæður. Förum aldrei nær háspennulínu en í 5m fjarlægð.



ORKUBÚ VESTFJARÐA OHF.



LANDSNET



SÆRAAF

Tölvuverslun

Tölvuviðgerðir

Rafeindabjónusta

Siglingatækjapjónusta

Opið alla virka daga kl. 10-17

Silfurgata 5 • Ísafirði • Sími: 450-6000



Magnús Hauksson, vert í Tjöruhúsinu.

Tjöruhúsið opnar í dag

Sumaropnun á veitingastaðnum Tjöruhúsinu í Neðstakaupstað á Ísafirði byrjar óvenju snemma í ár, eða í dag 16. apríl. Síðustu ár hefur verið opið yfir páskana og síðan hefur sumaropnun hafist í byrjun maí. „Nú eru pásarnir svo seint í ár að það tekur því eiginlega ekki að loka aftur,“ segir Magnús Hauksson, eða Maggi Hauks eins og hann er gjarnan kallaður, vert í Tjöruhúsinu en hann og hans góða starfsfólk, hefur skerpt hnífana, fægt pönnur og íhugað nýjar uppskriftir í vetur svo eflaust er von á einhverju góðu. Aðspurður hvort eitthvað nýtt verði á boðstólum segist Magnús ætla að vera lamba- og svínasteikur um páskana.

„Okkur langaði til að bjóða upp á steikur á vægu verði, svona fyrir þá sem eru ekki heima hjá sér í páskamatnum. Við þykjum

býsna góð í steikunum, sérstaklega svínasteik. Annars verður þetta með hefðbundnu sniði, ljúffengir sjávarréttir. Í sumar ætlum við svo að leggja áherslu á þennan dýrðlega eldisfisk úr Dýrafirði, sem er að mínu mati afspyrnu góð vara. Og svo eitthvað fleira nýtt og spennandi, aldrei að vita,“ segir Magnús.

Viðskiptavinir fá einnig að njóta tónlistar í Tjöruhúsinu þessa páska en hinn ísfriski tónlistarmaður Skúli mennski spilar þar að kvöldi skírdags. Þá stígur fimm manna hljómsveit á stökk annað hvort á föstudags- eða laugardagskvöldinu en hana skipa Lára og Margrét Rúnarsdætur, sem báðar hafa sungið með hljómsveitinni Lifun, faðir þeirra og gítarleikari hinnar þjóðþekktu hljómsveitar Graffk, Rúnar Þórisson, og makar Margrétar og Lára. – harpa@bb.is



Hreppslistinn býður fram í Súðavík

Ný bæjarmálasamtök, Hreppslistinn, hefur ákveðið að bjóða fram í komandi sveitarstjórnarkosningum í Súðavík. Að sögn Péturs G. Markan, eins af aðstandendum samtakanna, stendur nú yfir vinna við að koma saman fólki á listann. „Hreppslistinn er bæjarmálasamtök, mönnuð fólki sem hefur metnað, framtíðarsýn og sköpunarkraft fyrir komandi tíma í Súðavíkurhreppi. Stefna Hreppslistans er að setja saman öflugan lista af vel meinandi, skapandi og ferskum einstaklingum í bland við reynslumikið

fólk, þannig að úr fáiast þverskurður af íbúum hreppsins, og bjóða fram í komandi kosningum.

Markmið listans fram að kosningum er að eiga hreinskiptið og opið samtal við hreppsþúa um framtíð Súðavíkurhrepps, setja saman skýra stefnuskrá sem hreppsþúar geta vegið og metið áður en gengið er til kjörfundar og virkja þannig vald kjósenda hreppsins til þess að koma að stefnumótun næstu ára og velja þannig þá framtíð sem þeir helst kjósa,“ segir í tilkynningu frá Hreppslistanum. – harpa@bb.is

PUNKTUR FYRIR BARNIÐ

BARNAFARGJALDIÐ KOSTAR AÐEINS EINN VILDARPUNKT PLÚS SKATTA

FLUGFELAG.IS

**BARNA-
HÁTÍÐAR-
TILBOÐ**

Flugfélag Íslands og **Saga Club** bjóða einstakt tilboð á flugi til höfuðborgarinnar. Aðeins einn Vildarpunktur plús skattar fyrir börn ef fullorðnir bóka Vildarfargjald með á netinu 16.–28. apríl. Allir sem nýta sér tilboðið fá afhent **Gestakort Reykjavíkur** gegn framvísun farmiðakvittunar í Upplýsingamiðstöð ferðamanna, Aðalstræti 2, sem veitir ókeypis aðgang að strætó, sundi, söfnum og öðru sem má lesa um á www.visitreykjavik.is

BARNAMENNINGARHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK 29. APRÍL TIL 4. MAÍ

Sjáðu allt um úrval spennandi viðburða og fjölmarga listamenn sem gleðja börnin um alla borg á www.barnamenningarhatid.is

FLUGFÉLAG ÍSLANDS MÆLIR MEÐ því að fljúga fyrir Vildarpunkta með börnin á Barnamenningarhátíð í Reykjavík, fylgjast með spennandi viðburðum í borginni og fara ókeypis í strætó, sund og fleira með Gestakort Reykjavíkur í vasanum.

Ferðatímabilið: 29. apríl - 15. maí

Eingöngu bókanlegt á flugfelag.is dagana 16.–28. apríl

Einn punktur fyrir börn 2-15 ára með fullorðnum sem ferðast á Vildarfargjaldi

Farþegar greiða flugvallaskatta og gjöld, 1.900 kr. aðra leið

20 kg farangursheimild er innifalin í gjaldi

Fargjaldið fæst ekki endurgreitt nema veður hamli flugi

Breytingagjald er 2.500 kr.

Takmarkað sætaframboð

ICELANDAIR
Saga Club



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Margt í boði á Skíðavíkunni

Skíðavíkan verður sett í dag á Silfurtorgi. Að venju er dagskrá Skíðavíkkunnar stútfull af skemmtilegheitum fyrir alla fjölskylduna. Af skíðatengdum viðburðum má helst nefna að strax í dag verður sprettganga í Hafnarstræti. Á hádegis á morgun, skírdag verður skíðaskotfimi á Seljalandsdal. Boðið verður upp á æfingu og kennslu í meðferð skotvopna kl. 11:00 sama dag. Keppnin er fyrir 15 ára og eldri. 15-18 þurfa skriflegt leyfi forráðamanns. Um kvöldið

verður snjóþremmátót á skíðasvæðinu og Stigasleðarallý.

Á föstudaginn langa er hinn rómaði furðufatadagur á skíðasvæðinu. Íþróttálfurinn og Solla Stírða mæta á svæðið að þessu sinni. Löng hefð er fyrir því að fjölskyldan skemmti sér saman í Tungudal á föstudaginn langa. Fólk er hvatt til að mæta uppáklætt. Kveikt verður í grillinu um hádegis, börnin geta látið mála sig við undirleik lifandi tónlistar og sælgæti mun rigna af himnum

ofan. Á laugardag verður páskaeggjamót Hraðfrystihússins – Gunnvarar en það er fyrir börn fædd 2002 og síðar. Garpamótið víðfræga verður á páskadag.

Framboð á menningarviðburðum er með besta móti þessa páska. Fyrir utan tónlistarhátíðina Aldrei fór ég suður má nefna að Litli leikklúbburinn sýnir Þið munið hann Jörund á miðvikudag og á skírdag en leikritið var frumsýnt á laugardag. Komedíuleikhúsið verður með sýningar á Höllu

eftir Stein Steinarr og einnig verður Fjalla-Eyvindur eftir Elfar Loga Hannesson sýndur. Ungmennafélagið Höfrungur á Þingeyri sýnir Línu langsokk um páskana en leikritið var frumsýnt fyrir í vetur.

Listakonan María Rut verður með einkasýningu í Edinborgarhúsinu. María hefur unnið með teikningu og tónlist þar sem hún teiknar við hinar ýmsu tegundir tónlistar og er áhugavert að skoða tengingarnar þar á milli. Gestum

sýningarinnar gefst tækifæri á að hlusta á þá tónlist sem María Rut hefur hlustað á meðan hún vinnur að verkunum. Sýningin er hluti af listahátíðinni List án landamæra en þetta er í annað sinn sem Edinborg tekur þátt í listahátíðinni.

Skemmtistaðir bæjarins verða með þetta og góða dagskrá. SSSól spila á balli í Krúsinni, Páll Óskar verður í Edinborg svo og Skúli mennski og President Bongo þeytir skífum í Krúsinni.

Snjóalög í Skjaldfannardal jaðra við náttúruhamfarir

Gríðarlegur snjór er í Skjaldfannardal í Ásfjarðardjúpi og segir Indriði Aðalsteinsson, bóndi á Skjaldfönn, að sumstaðar í dalnum sé meiri snjór en snjóflóðaveturinn 1995. „Þetta hefur verið

afskaplega leiðinlegur vetur. Geysileg snjóalög í brúnum mót suðri. Snjóþykktin er óhugnaleg, jaðrar við náttúruhamfarir í snjóþunga. Svona snjóþyngsli voru hér áður kallaðar snjóþiljur. Þetta

eru ekki venjulegir skaflar heldur er allt landslag er sokkið undir þiljur,“ segir Indriði. Hann óttast að tún séu illa kalin, þriðja vorið í röð.

„Tún hafa verið undir skauta-



Indriði Aðalsteinsson fyrir framan Skjaldfönn að sumarlagi.

svelli síðan í desember og ég óttast að það geti ekki verið annað en verulegt kal í þeim en ég finn ekki neina fýlu ennþá enda mikill snjór á tünun. „Indriði hefur þurft að fækka fé verulega vegna lítilla heyja síðustu ár. „Það er búið að fækka á fóðrum um þriðjung þessi kalár, úr rúmlega 300 niður í 200. Heyfengur ræður hvað maður setur á, maður setur ekki út á Guð og gaddinn, það er ekki búmennska þó það hafi tíðkast sumstaðar hér áður fyrir.“

Bjargráðasjóður er ekki til mik-

illar stoðar í hremmingum eins og Indriði hefur þurft að glíma við síðustu ár. „Bjargráðasjóður á að styðja bændur í stórum áföllum. Árið 2012 fengum við engan stuðning. Í fyrra vor komu tveir ágætir ráðunautar að meta kal í tünun hjá mér og í heildina voru tún metin afskaplega illa farin. Og það var aldeilis stuðningur sem ég fékk. Heilar 60 þús- und krónur. Við bændur erum ekki á flæðiskeri staddir með svona stuðning,“ segir Indriði Aðalsteinsson. — smari@bb.is

Vantar þig heyrnartæki?

Heyrnarmælingar, ráðgjöf og heyrnartækjapjónusta

Ísafjörður - 28. apríl

Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður á Ísafirði við heyrnarmælingar, ráðgjöf og sölu heyrnartækja. Mikið úrval af hágæða heyrnartækjum. Sérsmíðuð eða næstum ósýnileg bak við eyra. Margir verðflokkar.



Heyrnartækni

Bókaðu tíma í heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki til prufu

Sími 568 6880

Glæsibæ | Álfheimur 74 | 104 Reykjavík | Sími 568 6880 | www.heyrnartækni.is

Upprisa og vorboði

Páskar bíða okkar, stærsta hátíð kristinna manna. Þeir eru arfleifð fyrri hátíðar Gyðinga, sem ber nafnið Pesah enn í dag. Gyðingar halda Pesah hátíðlega til að minnast flóttans frá Egyptalandi og stendur hún sjö daga í Ísrael, en annars staðar átta daga. Um trúar- og matarhátíð er að ræða. Þeir réttir sem snæddir eru eiga að minna á flóttann og trúin er að sjálfsögðu ríkur þáttur í hátíðinni. Páskar okkar kristinna manna eru því beinn arfur frá Gyðingum, en hafa verið lagaðir að kristni. Vegna þess að Kristur var krossfestur og lét lífið, en reis svo aftur upp frá dauðum meðan Pesah Gyðinga stóð halda kristnir menn páskana, sem ekki ber alltaf upp á sömu dögum og Pesah, en gerir það oft. Fyrir okkur kristna eru páskar hátíð upprisu og hafa því sérstaka merkingu, sem tengist því að lífið sigrar dauðann.


En nú orðið er það svo að páskar eru mikil friðhátíð enda njótum við venjulega leyfis frá vinnu frá og með fimmtudegi, Skírdegi, og til með annars í páskum meðan skrifstofur og margvísleg atvinna liggur niðri, en þjónustugreinar eru í fullum gangi og margir við störf. Venjulega eru þau þó betur borguð þessa daga. Mörgum eru þó páskaþingir helgir og þeir minnast trúar sinnar á

Guð og son hans Jesú Krist. Lengi var það svo að föstudagurinn langi var alheilagur og ekkert mátti starfa og þjónustustaðir voru lokað. Þá leiddist mörgum drunginn er fylgdi þessum degi. Nú er allt breytt og mörgum eru páskaþingir fyrst og fremst tækifæri til skemmtunar og ferðalaga og nú tíðkast að lengja í þeim með því að nota Dymbilvíkuna líka til frítöku frá mánudegi til og með næsta mánudags til ferðalaga og skemmtunar. Þannig hefur sú góða hátíð einnig mikil efnahagsleg áhrif, væntanlega til góðs.

Á Ísafirði er nú haldin í tíunda sinn rokkihátíðin „Aldrei fór ég suður“ og komast færri að en vilja, bæði gestir og ekki síður tónlistarmenn. Hátíð þessi er órjúfanlega tengd Ísafirði og er það til góðs, eykur orðspor bæjarins og laðar að sér marga gesti svo sem fyrir segir. Megi hún lánast vel að þessu sinni, enda hefur hún yfirsýkt, ef svo má segja, Skíðavíkuna, en þetta tvennt fer vel saman. Hitt er hollt að hafa í huga að páskaþingir hafa mikið gildi og þeim fylgir friður í huga margra og von þar eð þeir eru svo ná tengdir upprisunni. Um leið boða þeir vorið og von um betri tíð framundan. Það er góður boðskapur byggður á kristinni trú. Vor og von fara vel saman. Gleðilega páskahátíð.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í Bæjarins besta í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vak- ið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum Stakks á meðan hann notar dulnefni sitt.



Til hamingju!

Fermingin markar fyrsta skrefið í heim hinna fullorðnu. Það getur reynst fermingarbarninu ómetanlegt að eiga öruggan sparnað þegar fram líða stundir. Stofnaðu til sparnaðar fyrir fermingarbarnið í næsta sparisjóði eða gefðu því Gjafakort þar sem þú velur upphæðina en þiggjandinn velur gjöfina.





95 milljóna króna hagnaður

Bolungarvíkurkaupstaður var rekinn með 95 milljóna króna hagnaði á síðasta ári og er það 48 milljón króna betri afkoma en áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Skuldahlutfall sveitarfélagsins er óbreytt á milli ára eða 140% en samkvæmt sveitarstjórnarlögum á þetta hlutfall ekki að vera hærri en 150%. Að teknu tilliti til fjárfestingar í hjúkrunarheimili lækkar skuldahlutfallið í 126%. Árs-

reikningnum var vísað til síðari umræðu á 688. fundi bæjarstjórnar Bolungarvíkur á 40 ára afmælisdegi kaupstaðarins 10. apríl síðastliðinn.

Afkoma A-hluta bæjarsjóðs var jákvæð um 71 milljón krónur áður en tekið er tillit til 45 milljóna framlags til B-hluta fyrirtækja en aðalsjóður þarf að greiða niður tap af rekstri félagsheimilis og vatnsveitu. Rekstur annarra

B-hluta fyrirtækja var betri. Hagnaður af rekstri félagslegra íbúða var 55 milljónir króna og Bolungarvíkurhöfn skilaði 14 milljón króna hagnaði en þetta er sjöunda árið í röð sem rekstur hafnarinnar skilar jákvæðri afkomu.

Framlegð sveitarfélagsins, svokölluð EBITDA, var 197 milljónir eða 22,4% af heildartekjum og handbært fé frá rekstri var 183 milljónir. Eignfærðar fjár-

festingar árið 2013 voru 296 milljónir en þar munar mest um 126 milljóna króna fjárfestingu í hjúkrunarheimili og 73 milljóna króna malbikunarframkvæmdir.

Eiginfjárstaða sveitarfélagsins hefur á undanförunum 5 árum styrkst verulega. Hún var í árslok 2008 neikvæð um 179 milljónir en er nú jákvæð um 236 milljónir króna. Eiginfjárstaðan hefur því batnað um 415 milljónir á síðustu fimm árum.

Aðrar helstu stærðir í ársreikningi Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir árið 2013: Rekstrartekjur er

878 milljónir, þ.a. eru skatttekjur að meðtöldu framlagi Jöfnunar-sjóðs sveitarfélaga 562 milljónir. Laun og launatengd gjöld eru 369 milljónir en starfsmannafjöldinn telur 61 stöðugildi. Annar rekstrarkostnaður er 312 milljónir. Veltufé frá rekstri er 162 milljónir. Heildareignir 1.483 milljónir. Heildarskuldir og skuldbindingar eru 1.247 milljónir og eigið fé því 236 milljónir. Íbúafjöldi í árslok 2013 er 950 og fjölgaði íbúum Bolungarvíkur um 32 frá fyrra ári.

– bb@bb.is

85. verkefni - 49. leikár

Þið munið hann Jörund

eftir Jónas Árnason
Leikstjórn: Víkingur Kristjánsson
Tónlistarstjórn: Jón Hallfreð Engilbertsson

Sýnt í Edinborgarhúsinu
3. sýning 16. apríl kl 20
4. sýning 17. apríl kl 20 (skirdagur)
5. sýning 23. apríl kl 20 (síðasti vetrardagur)
6. sýning 25. apríl kl 20
Miðapantanir í síma 856 5455
Miðaverð kr 2900 - 12 ára og yngri kr 2000

Litli Leikklúbburinn Ísafirði

Leikhústilboð Edinborg Bistró:
Ofnsteikt lambalæri með salati, bakaðri kartöflu og béarnaisesósu á aðeins 2.700 fyrir sýningu.
Sími: 456 8335

Útboð Niðurrif mannvirkja og frágangur lóða

Olíudreifing ehf., óskar eftir tilboðum í niðurrif mannvirkja og frágang á lóðum félagsins að Suðurgötu og Mjósundi 400 Ísafirði.

Helstu magntölur:

Niðurbrot veggja og bygginga	370m³
Lagnaskurður og drenlagnir	300m
Niðurrif girðinga	200m
Sléttun lóðar	-----

Verkinu skal lokið eigi síðar en 1. júlí 2014. Útboðsgögn verða send í tölvupósti til verk-taka. Senda skal tölvupóst á gks@odr.is til að fá útboðsgögn á rafrænu formi og skal tilboð-um skilað á sama netfang eða á skrifstofu Olíu-dreifingar ehf., Hólmaslóð 8, Reykjavík.

Tilboð verða opnuð á skrifstofu Olíudreifing-ar ehf., Hólmaslóð 8 í Reykjavík, 30. apríl 2014 kl. 13:00.

Nú kemstu örugglega í sund!

Sundlaugin er opin

Sumar

Vetur

Virka daga frá: 08 til 21

16 til 21

Um helgar frá: 10 til 18

10 til 18

Morgunsund miðvikudaga og föstudaga frá 08 til 10

OPNUNARTÍMI UM PÁSKANA

Skírdag	10-18
Föstudaginn langa	10-18
Laugardag fyrir páska	10-18
Páskadag	10-18
Annan í páskum	10-18

Bolungarvíkurkaupstaður

Íþróttamiðstöðin Árbær Bolungarvík - Sími: 456 7381



Páskaleikur á Náttúrugripasafninu

Lifandi páskaungar og þrautaleikur fyrir börn frá 0 - 14 ára.
Verðlaun fyrir þá sem klára.

Opið frá 13:00 - 17:00

– miðvikudag 16. apríl, skírdag 17. apríl og laugardag 19. apríl –

Ósvör – sjóminjasafn

Opið 13:00 - 17:00 laugardaginn 19. apríl

Matsáætlun HG komin í næsta fasa

Hraðfrysihúsið – Gunnvör hf. hefur lagt fram tillögu að matsáætlun fyrir umhverfismat á 7000 tonna fiskeldi í Ísafjarðardjúpi. Í janúar kynnti HG drög að matsáætluninni og hélt fjölmennan kynningarfund á Ísafirði þar sem

áform fyrirtækisins voru kynnt. Kristján G. Jóakimsson, verkefnisstjóri fiskeldis hjá HG, segir að eftir kynningarfundinn hafi HG fundað með hagsmunadílum, s.s. rækjusjómonnum, veiðiréttarhöfum og Ferðamálasamtökum

Vestfjarða og að tekið hafi verið tillit til sjónarmiða þeirra við skrif tillögunnar. Í stórum dráttum hefur þó matsáætlunin ekki breyst.

Kristján segist vonast til að Skipulagsstofnun klári umhverfismatið í haust en þá tekur við

umsókn um starfsleyfi hjá Umhverfisstofnun og rekstarleyfisumsókn hjá Fiskistofu. Ef nýtt fiskeldisfrumvarp sjávarútvegsráðherra verður að lögum mun það ferli ganga mun fljótar fyrir sig þar sem starfs- og rekstarleyfi verður á hendi einnar stofnunar, þ.e. Matvælastofnunar. „Ef hlutirnir ganga hratt og vel fyrir sig þá gætum við verið komnir með leyfi um næstu áramót,“ segir Kristján.

Aðspurður hvort að möguleiki sé á því að seiði verði sett í sjó sumarið 2015 segir Kristján það

velta á því hvort HG kaupi seiði á næsta ári eða rækti sín eigin í eldisstöðinni á Nauteyri. „Það er möguleiki að kaupa seiði og setja þau út 2015 en við höfum ekki tekið neina ákvörðun um það en við viljum byrja sem fyrst,“ segir Kristján.

Áform HG eru að ala 6.800 tonn af regnbogasilungi í árgangaskiptu eldi í Ísafjarðardjúpi. Innifalið í matsáætluninni er einnig 200 tonna þorskeldi en HG hefur stundað það í meira en áratug en er að draga verulega úr því. – smari@bb.is



ÍSAFJARÐARBÆR

Auglýsing um breytingu á skipulagi ásamt umhverfisskýrslu, Fossárvirkjun, Ísafjarðarbæ

Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkt ofangreinda breytingu deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu á fundi sínum þann 10. apríl 2014.

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir fjórum lóðum ásamt byggingarreitum eru skilgreindar innan skipulagssvæðisins, þar af eru þrjár lóðir fyrir núverandi byggingar, þ.e. stöðvarhús, bílskúr og sumarhús. Ný lóð og byggingarreitur eru skilgreind fyrir nýtt stöðvarhús u.þ.b. 280 m neðan við núverandi stöðvarhús.

Gert er ráð fyrir allt að 160 m² stöðvarhúsi innan byggingarreits á lóð C. Fjarlægð lóðar C frá Langá skal að lágmarki vera 10 m. Húsið skal vera lágreist og falla vel að náttúrulegu umhverfi og mannvirkjum í nágrenninu. Heimilt er að móta landið innan lóðar í þessum tilgangi. Hönnun stöðvarhúss skal miðast við að húsið stendur á ofnaflóðahættusvæði.

Heimilt er að endurbæta byggingar á lóðum A, B og D. Núverandi stöðvarhús á lóð A mun þjóna Nónhornsvatnsvirkjun líkt og áður, en auk þess mun byggingin áfram hýsa núverandi Fossavatnsvél sem verður notuð sem varavél ef á þarf að halda. Gert er ráð fyrir að í stöðvarhúsinu geti einnig verið starfrækt safn þar sem gömlu vélarnar verða til sýnis. Ekki er gert ráð fyrir breyttri nýtingu sumarhúss á lóð B eða bílskúr á lóð D. Gert er ráð fyrir afar lítilli viðveru í öllum byggingum á svæðinu, líkt og verið hefur hingað til.

Gert er ráð fyrir nýrri þrýstivatnspípu frá Fossavatni að stöðvarhúsi á lóð C. Gert er ráð fyrir að heildarlengd þrýstivatnspípunnar verði allt að 1950 m en núverandi þrýstivatnspípa er um 1800 m löng. Vatnspípan skal falla vel að landslagi og ekki trufla vatnsrennsli Langár þar sem hún þverar ána.

Engin breyting verður á miðlunarlóni eða stíflu og tengdum mannvirkjum. Heildarafl hennar fer úr 600 kW í 1200 kW

Deiliskipulagstillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum í Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði og á heimasíðu Ísafjarðarbæjar www.isafjordur.is frá og með 16. apríl 2014 til og með 28. maí 2014. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna. Skila skal inn athugasemdum á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði. Þeir sem ekki gera athugasemdir við skipulagstillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

Ísafirði 11. apríl 2014.

Jóhann Birkir Helgason, sviðstjóri umhverfis- og eignasviðs.



Útskriftardagur í MÍ óbreyttur

„Fyrirkomulagið verður þannig að fimm kennsludögum verður bætt við önnina. Kennt verður á þriðjudegi eftir páska, á sumardaginn fyrsta og þrír kennsludagar koma í stað prófdaga 12.-14. maí. Einum prófdegi verður bætt við 22. maí. Útskriftardagur verður laugardaginn 24. maí eins og fyrirhugað var,“ segir Jón Reynir Sigurvinsson skólameistari Menntaskólans á Ísafirði.

Að sögn Jóns Reynis voru niðurstöðurnar kynntar fyrir nemendum skólans í morgun. Á vef skólans segir að mikil vinna sé fyrir höndum hjá nemendum og kennurum næstu vikunar og mikilvægt að nemendur mæti vel í kennslustundir og sinni náminu af kappi það sem eftir lifir annar. – harpa@bb.is

Fasteignir vantar á söluskrá

Fasteignasala Vestfjarða á Ísafirði auglýsir um þessar mundir eftir fasteignum á skrá á Ísafirði og í öðrum byggðum á norðursvæði Vestfjarða. Guðmundur Óli Tryggvason fasteignasali segir of snemmt að segja hvort markaðurinn sé eitthvað að breytast að ráði, en alltaf komi einhver kippur í söluna á vorin. Salan hafi verið góð að undanfögnu en meiri fjölbreytileika vanti í framboðið á eignum á söluskrá. Í heildina hafi markaðurinn verið nokkuð stöðugur síðustu ár. Bæði á Ísafirði og í Bolungarvík eru það aðallega einbýlishús af ýmsum stærðum sem seljast núna, segir hann, en líka hafi verið þokkaleg sala í minni íbúðum.

„Það sem kannski helst hefur vantað hérna til lengri tíma eru íbúðir sem henta fólki sem er að minnka við sig, og svo fleiri ein-

býlishús,“ segir Guðmundur Óli. Hann nefnir líka íbúðir í lyftuhúsum. „Hér á Ísafirði eru ekki nema tvö fjölbýlishús með lyftum,“ segir hann.

Verðþróunin hefur verið hægt og sígandi upp á við undanfarin ár, að sögn Guðmundar Óla, þó ekki sé um mikla hækkun á fasteignaverði að ræða. Hann segir að hrúnið hafi ekki haft mikil áhrif á fasteignaverð á svæðinu. Verðið hafi haldist hér fyrir vestan enda hafi hækkunin í bólunni fyrir hrun ekki verið mikil. „Salan hér á Ísafirði var dræm á árunum 2008-2009 og fram á árið 2010 en svo tók þetta aðeins við sér og verðið hefur aðeins farið hækkandi síðan þá. Í Bolungarvík hefur hækkun fasteignaverðs verið heldur meiri síðustu tvö ár,“ segir Guðmundur Óli Tryggvason hjá Fasteignasölu Vestfjarða.

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



30% AFSLÁTTUR

1259
kr. 630g
Verð áður kr. 1798

AFGREIÐSLUTÍMI Í BÓNUS UM PÁSKAHELGINA

SKÍRDAGUR 17.apríl **10:00-19:00**
NÝTT KORTATÍMABÍL NÝTT KORTATÍMABÍL

FÖSTUDAGUR 18.apríl LOKAÐ

LAUGARD. 19.apríl **10:00-19:00**

SUNNUDAGUR 20.apríl LOKAÐ

MÁNUD. 21.apríl **12:00-18:00**

25 BONUS 1kg

Gledilega páska

6 BONUS 520g

Vanilla IS 2 LTR. BONUS

JARDARBERJA IS 2 LTR. BONUS

Súkkyladi IS 2 LTR. BONUS

1998
kr. 1000g

1298
kr. 520g

5.000 PAKKAR Í BÓÐI

579
kr. 500g

2013 SLÁTRAD

1498
krónur kg.

Kaupfél. Skagf. Lambalæri í sneiðum **FROSÍÐ**

1259
krónur kg.

Bónus Hamborgarhryggur

1198
krónur kg.

Ali Bayonne-skinka 1.flokkur

2013 SLÁTRAD

1259
krónur kg.

Kaupfél. Skagf. Heilt lambalæri **FROSÍÐ**

2013 SLÁTRAD

1398
krónur kg.

KJARNAFÆÐI ÍSLENSKT HEIÐALAMB *Íslenskar kryddjurtir*

FRÁ ÞÝSKALANDI

1998
krónur kg.

100% KJÖT

Frosin Kalkúnabringa

2798
krónur kg.

KJARNAFÆÐI Kofareykt HANGILÆRI ÚRBEINAD

198
kr. 1 kg.

10.000 PAKKAR Í BÓÐI

598
krónur 565g

10.000 PAKKAR Í BÓÐI

498
krónur 518g

10.000 PAKKAR Í BÓÐI

498
krónur 465g

79
kr. 500ml

198
kr. 1.5 ltr.

198
kr. 2 ltr.

198
kr. 2 ltr.

AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
10:00-19:00

BONUS EKKERT BRUÐL



AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
10:00-19:00

Kvótinn aukinn í Ísafjarðardjúpi

Gefinn hefur verið út 200 tonna aukakvóta í innfjarðarækju í Ísafjarðardjúpi. Sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar fundu með sjómönnum og útgerðarmönnum við Djúp fyrir helgi um ástand rækjustofnsins og niðurstöður ferðunar rannsóknar stofnunarinnar. Niðurstaðan Hafró er að óhætt sé að auka kvótann um 200 tonn en upphafleg ráðgjöf hljóðaði upp á 900 tonn. Mikil veiði hefur verið í vetur og hafa sjómenn lýst henni sem ævintýrlegri. Flestir rækjubátar voru búnir með kvótann en eru allir komnir aftur á sjó.

Aukinn kostnaður við snjómokstur

Snjómokstur ársins hefur verið mun meiri en fjárhagsáætlun Ísafjarðarbær gerði ráð fyrir. Á fjárhagsáætlun er aðkeypt þjónusta 13 milljónir króna og vetrarsamgöngur 2,5 milljónir króna eða alls 15,5 milljónir króna. Um miðjan mars var kostnaðurinn kominn í tæpar 15 milljónir króna. Í fyrra var kostnaður við aðkeyptan snjómokstur 24 milljónir króna og telur Jóhann Birkir Helgason, sviðsstjóri umhverfis- og eignasvið Ísafjarðarbæjar, ekki ólíklegt að kostnaðurinn í ár endi í svipaðri tölu.



Fern hjón taka þátt í Jörundi

Leikritið Þið munið hann Jörund í uppsetningu Litla leikklúbbsins sem frumsýnt var laugardag í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Fjöldi manns kemur að uppsetningu verksins, leikarar, tónlistarfólk, tæknifólk, sviðsmenn, leikmyndahönnuðir og fleiri. Það vekur athygli að fern hjón taka þátt í sýningunni. Hjónin Ólafur Halldórsson og Katrín Líney Jónsdóttir leika í stykkinu og einnig Sveinbjörn Hjálmarsson og Sóley Huld Árnadóttir. Páll Gunnar Loftsson og Sigrún Viggósdóttir eru ekki á fjölnum en sinna bún-ingum, sjá um leikmuni og fleira. Ein og sama fjölskyldan sér um tónlistarflutningin en það eru hjónin Jón Hallfreð Engilbertsson og Helga Snorradóttir og börn þeirra þau Kristín Harpa og Snorri.



Lokun Vísis áminning um að breyta fiskveiðistjórnarkerfinu

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar telur útilokað fyrir eigendur Vísis hf., að loka starfsstöðvum á Þingeyri, Húsavík og Djúpavogi, án samráðs við þá aðila sem málinu tengjast og tíðindin ættu að vera stjórnvöldum áminning um að gera breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Ísafjarðarbæ. Í ljósi þess hvernig til starfseminnar var stofnað er ekki rétt að Vísir hf. á Þingeyri taki þessa ákvörðun án samráðs við Ísafjarðarbæ og aðra hlutaðeigandi aðila segir í tilkynningunni.

„Ef fyrirtæki ætla að eiga fullan þátttökurétt í samfélaginu þá eiga þau skilyrðislaust að sýna meiri samfélagslega ábyrgð en þarna birtist. Þessi tíðindi ættu jafnframt að vera stjórnvöldum áminning um að gera þær breytingar sem þarf svo að fiskveiðistjórnunarkerfið tryggi trausta atvinnu og byggð í landinu, eins og því er ætlað. Bæjarstjóri hefur skipulagt fund með atvinnuvegaráðherra og íbúafund á Þingeyri.“

Atvinnulíf á Þingeyri stendur og fellur með heilbrigðum sjávarútvegi og þó vöxtur sé í ferða-

þjónustu og fiskeldi nægir hann ekki til að vega upp á móti þeim samdrætti sem verður í vestfirskan hagkerfinu ef starfsstöð Vísis lokar á Þingeyri. Heildartekjur Ísafjarðarbæjar vegna starfsemi Vísis eru varlega áætlaðar um 24 milljónir á ári og eru margfeldisáhrif þar ekki tekin með í reikn-

inginn. Í minnisblaði frá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða sem lagt var fram á fundi bæjarráðs í dag kemur einnig fram að stuðningur stjórnvalda hefur verið töluverður varðandi starfsemina á Þingeyri og að hægt er að verðmeta hann á núvirði á hundruð milljóna króna.“

Athugasemdarfrestur til 25. apríl

Skipulagsstofnun hefur borist tillaga Hraðfrystihússins Gunnvarar hf., að matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum vegna sjókvíaeldis í Ísafjarðardjúpi. Um er að ræða 6.800 tonn af regnbogasilungi og 200 tonn af þorski. Í tilkynningu frá Skipulagsstofnun segir að hægt sé að nálgast tillöguna á vef stofnunarinnar og að allir geti kynnt sér tillöguna og lagt fram athugasemdir sem verða að vera skriflegar og hafa borist fyrir 25. apríl nk.

Skipulagsstofnun hefur óskað eftir að eftirtaldir aðilar veiti umsögn um málið: Ísafjarðarbær, Strandabyggð, Súðavíkurhreppur, Fiskistofa, Fjórðungssamband Vestfirðinga, Hafrannsóknastofnun, Matvælastofnun, Minjastofnun Íslands, Vegagerðin-Siglingasvið, Umhverfisstofnun og Veiðimálastofnun. Stefnit er að því að ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu framkvæmda aðila að matsáætlun liggi fyrir 6. maí nk.

Arna kaupir tæki fyrir ostaframleiðslu

Vöruþróun Örnú ehf. í Bolungarvík heldur áfram og fyrir síðustu helgi tók fyrirtækið á móti dönskum búnaði til ostagerðar. „Við erum að gera okkur klár í ostagerð og vonumst til að geta byrjað með osta í vor eða sumar. Þetta verða ferskostar eins og til dæmis fetastur, en ekki brauð-ostar sem þurfa að liggja í lengri tíma. Við höfum undanfarið verið að gera húsnæðið klárt til að geta hafið ostaframleiðslu,“ segir Óskar Hálfðánsson, starfsmaður Örnú. Ostarnir verða laktósafrír eins og aðrar mjólkurvörur frá

Örnú. Fyrirtækið hóf starfsemi í haust og óhætt að segja að vöruþróunin hafi verið ör frá því að drykkjarmjólkin kom fyrst á markað. Síðan hafa bæst við skyr, rjómi, jógúrt og innan skamms bætast svo við ostar.

Óskar segir að viðtökur neytenda hafi verið góðar. „Fyrstu mánuðirnir voru hark eins og við er að búast hjá nýju fyrirtæki með nýja vöru, en viðbrögð neytenda hafa verið góð og við stefnum um upp á við en ekki niður,“ segir Óskar. – smari@bb.is



SUMARSTARFSMENN

Hafnir Ísafjarðarbæjar auglýsir lausar stöður tveggja sumarafleysingarmanna. Um er að ræða tvö stöðugildi. sem meðal annars fela í sér afleysingar á Suðureyri, Flateyri og Þingeyri ásamt afleysingu á Ísafirði. Viðkomandi verða að geta framvísað sakavottorði og búfjárreiðuvottorði eins og reglur um hæfi löggiltra vigtarmanna kveða á um.

Einnig þurfa væntanlegir starfsmenn að hljóta vottun Siglingastofnunar sem hafnargæslumenn. Skipstjórnar- og/eða vélstjórnarréttindi er kostur.

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Kristjánsson, hafnarstjóri á skrifstofutíma á hafnarskrifstofunni í síma 450 8081 eða á netfangi hafnarstjóri@isafjordur.is.

Umdeild staðsetning viðbyggingar við leikskóla í Bolungarvík samþykkt

Bæjarstjórn Bolungarvíkur hefur samþykkt með fjórum atkvæðum gegn þremur, nýja viðbyggingu við leikskólann Gláðheima. Niðurstaða bæjarstjórnar var að samþykkja tillögu C, sem gerir ráð fyrir nýrri álmu austast á lóð skólans, hornrétt á núverandi byggingu, en byggingarnar tvær verða tengdar saman með nýju anddyri. „Við undirrituð leggjum til að áfram verði unnið að hönnun viðbyggingar við leikskólann Gláðheima við Hlíðarstræti í takt við tillögu C sem liggur fyrir fundinum og gerir ráð fyrir nýrri álmu meðfram Hlíðarstræti, hornrétt á eldri byggingu. Kannað verði sérstaklega hvort hægt verði að komast af með minni byggingu án þess að það komi niður á starfseminni. Gera skal ráð fyrir að leikskólinn Gláðheimar geti rúmað allt að 70 börn eftir stækkun,“ segir í bókun meirihluta bæjarstjórnar með tillögunni.

Minnihluti bæjarstjórnar lagði einnig fram bókun: „Við undirrituð greiðum atkvæði gegn



Bolungarvík.

þessari tillögu meirihlutans þar sem ekki hefur í nokkru verið tekið tillit til okkar athugasemda varðandi aukna slyshættu og skert öryggi við aðkomu að leikskólanum. Eins hefur ekki verið tekið undir á neinn hátt, ósk um samráð eða aukna aðkomu okkar að málinu. Vert er að taka fram að við erum sammála um stækkun leikskólans og samráð tefur ekki málið.“

Þess ber að gera að tillögur að

staðsetningu viðbyggingarinnar höfðu áður verið ræddar á vinnufundi bæjarstjórnar með fræðslumálaráði, stjórnendum leikskólans og fulltrúa foreldra en þar kom fram eindregin afstaða stjórnenda leikskólans og starfsmanna um að tillaga C væri ákjósanlegasti kosturinn fyrir starfsemi leikskólans. Mjög skiptar skoðanir virðast hins vegar vera á meðal íbúa bæjarins um þetta mál. Sem dæmi barst

bæjaryfirvöldum erindi frá íbúum við Hlíðarstræti þar sem þeir sögðu það mikil vonbrigði að sjá hversu nærri heimili þeirra byggingin eigi að standi og mótmæltu þau staðsetningunni harðlega.

Annar íbúi í Bolungarvík, Birna Hjaltalín Pálmadóttir, segir að hún hefði viljað sjá leikskólann í Lambhaga, við hliðina á Grunnskóla Bolungarvíkur, þar sem rekin hefur verið 5 ára deild frá Gláðheimum undanfarin ár.

„Núttímasamfélag gerir sífellt meiri kröfur um ákveðin skolasvæði - allt á sama svæðinu. Það er mín skoðun að við þurfum að við þurfum að hugsa til framtíðar,“ segir hún og bætir því við að hún sé glöð fyrir hönd leikskólastarfsmanna sem hafa lengi beðið eftir skrefi fram á við –

„Þó ég sé ekki sammála staðsetningunni,“ segir Birna Hjaltalín.

– harpa@bb.is

SEGLAGERÐIN /ÆGIR
Tjaldvagnaland Seglagerðarinnar hefur sameinast Útilegumanninum undir nafninu **Útilegumaðurinn** í glæsilegu húsnæði við **Korputorg**

Mikið úrval af nýjum og notuðum hjólhýsum, tjaldvögnum og fellihýsum, ásamt Outwell tjöldum og aukahlutum.

Landsins mesta úrval af ferðavögnum

Korputorg
112 Reykjavík
Sími 551 5600
utilegumadurinn.is

Opnunartími: mán-fös kl: 10-18
lau-sun kl: 12-16

Útilegu maðurinn®
Þar sem ferðalagið byrjar

Vísir með 70% ársverka í sjávarútvegi á Þingeyri

Hjá Vísir hf. á Þingeyri eru um 35 ársverk. Það gerir um 71% af þeim störfum sem eru í sjávarútvegi á Þingeyri. Þetta kemur fram í minnisblaði Atvinnuþróunarfélags Vestfjarðar um atvinnumál á Þingeyri sem var lagt fram á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar. Á Þingeyri eru 21 fyrirtæki. Rúmlega 50% fyrirtækjanna eru í útgerð, eldi, vinnslu eða annarri tengdri stöðþjónustu. Stærsta og mest áberandi fyrirtækið á Þingeyri er starfsstöð Vísis. Á eftir sjávarútvegi er næst mestur fjöldi í ferðaþjónustu og tengdum iðn-

aði s.s. farþegaflutningum, gistiheimili, veitingasala o.s.frv. 30% þessara lögaðila eru í þessum geira.

Ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein, en hefur ekki burði til skemmri tíma til að halda uppi atvinnustigi á Þingeyri líkt og Vísir gerir. Aðra stöðþjónustu er að finna á svæðinu eins og véla- og viðgerðarþjónustu, leigufélög fyrir atvinnuhúsnæði og flutningaþjónustu og er fjöldi þessara fyrirtækja um 20% lögaðila í þessum geira. Áætlað er að 129 manns séu á vinnumarkaðinum á

Þingeyri og þar af eru 49 manns starfandi í sjávarútvegi sem gerir um 38 % af vinnuaflinu.

Vísir vinnur úr 1500 - 3000 tonnum af hráefni á ársgrundvelli. Um 2000 tonn voru unnin á síðasta ári. Hráefnisöflun fyrirtækisins kemur að mestu leyti í gegnum viðskipti við eigin báta sem er rúmlega 90% af fiskinum. Mjög lítið er keypt af mörkuðum. Jafnframt er töluvert af afla flutt til svæðisins. Fyrir hvert starf sem skapast í sjávarútvegi er áætlað að það verði til um 1,63 óbein störf í öðrum greinum.



Þingeyri.

Þessi störf eru í opinberri þjónustu og stjórnsýslu, flutningum, fasteignaviðskiptum, viðgerðarþjónustu, iðnaði og verslun.

Miðað við ofangreint má gera ráð fyrir að það skapist um 57 önnur störf vegna starfsemi Vísis

á Þingeyri. Það má gera ráð fyrir því að stórt hlutfall þessara óbeinu starfa verði til annars staðar en á Þingeyri þar sem þjónustumiðstöðvar fyrir flutninga, umbúðir, viðgerðir og önnur fyrirtæki eru ekki á Þingeyri. — smari@bb.is

NÁM MEÐ STARFI

DREIFNÁM

Borgarholtsskóli býður upp á nám fyrir:

- Skólaliða
- Stuðningsfulltrúa í skólum
- Leiðbeinendur í leikskóla
- Félagsliða
- Félags- og tómstundanám
- Viðbótarnám félagsliða

Umsóknarfrestur er til 1. júní.

**Upplýsingar um námið veitir
Þórkatla Þórisdóttir í síma 8561718
Netfang: thorkatla@bhs.is**

Heimasíða skóla: www.bhs.is



Borgarholtsskóli
bókmennt • handmennt • siðmennt

Nám á netinu



Pétur Hafsteinn Pálsson. Mynd: Fiskifréttir.

Vísir lagði til 30 þúsund tonn

Pétur Hafsteinn Pálsson, framkvæmdastjóri Vísis hf., segir í yfirlýsingu sem hann hefur sent fjölmiðlum vegna fréttarflutnings af byggðakvóta sem fyrirtækið fékk á Þingeyri, að á móti þeim 1.300 tonnum sem fyrirtækið fékk úthlutað, hafi það sjálft lagt fram 30 þúsund tonn af fiski til vinnslu á Þingeyri. „Vegna umfjöllunar fjölmiðla um byggðakvóta og meintar ívilnanir til Vísis hf. vill fyrirtækið áréttast að það rúmlega tuttugu faldaði þann kvóta sem úthlutað var til byggðarlagsins og útgerðinni var falið að afla á árunum 2000 til dagsins í dag. Þetta sýnir, svo ekki verður um villst, að á síðustu þrettán árum hefur fyrirtækið lagt samfélaginu til veruleg verðmæti þar

sem hlutur byggðakvótans var hverfandi.

Eins og nafnið gefur til kynna er byggðakvóta úthlutað til eins árs í senn til byggðarlaga sem síðan skipta þeim kvóta niður á fiskiskip. Útgerðir þeirra skuldbinda sig á móti til þess að leggja fram annað eins af eigin kvóta og landa sem nemur tvöföldum byggðakvóta í viðkomandi byggðarlagi. Eins og fram kom í BB aflaði fyrirtækið 1.300 tonnum af úthlutuðum kvóta til byggðarlagsins á 13 árum, eða 100 tonnum að jafnaði á ári. Á sama tíma lagði fyrirtækið til um 30.000 tonnum af fiski sem unnin voru í frystihúsi fyrirtækisins á Þingeyri,“ segir í yfirlýsingu Péturs.

— smari@bb.is

Við leggjum okkar af mörkum við að byggja upp öflugt atvinnulíf og samfélag á Vestfjörðum



Flateyri
16 milljónir

Bolungarvík
137 milljónir

Hnífsdalur
207 milljónir

Ísafjörður
1078 milljónir

Súðavík
118 milljónir

Þingeyri
127 milljónir

Patreksfjörður
32 milljónir



**Laun og launatengd gjöld
Hraðfrystihússins – Gunnvarar hf.**

1.948 árið 2013
milljónir kr.

Aðrir landshlutar
233 milljónir

GLEÐILEGT SUMAR

Sjálfbær nýting náttúruauðlinda



HRADFHYSTIHÚSIÐ – GUNNVÖR HF.

Þetta er eiginlega bara tilfinningin

Það er eins og bátsnafnið og mannsnafnið Guðmundur Einarsson í Bolungarvík renni saman í eitt enda fylgir því nafni mikil aflasæld í huga fólks. Núna er um hálf öld síðan Guðmundur Einarsson byrjaði að fara á sjó, er hann þó aðeins rétt orðinn 57 ára gamall. „Ég byrjaði að fá að fljóta með svona átta-níu ára gamall einn og einn tús með föður mínum og móðurbróður, Vagni Hrólfsyni,“ segir hann.

– Lá það fyrir frá upphafi, eins og stundum er, að þú myndir leggja sjómenskuna fyrir þig, eða kom eitthvað annað til greina?

„Ég held að það hafi aldrei komið neitt annað til greina. Uppeldið var einfaldlega þannig, það var varla talað um annað en sjó og fisk. Það stefndi strax allt í þessa átt og allur áhuginn var þar.“

– Hvenær varstu fyrst með bát sjálfur?

„Skipstjóri var ég fyrst í afleysingum á Guðbjörginni á Ísafirði. Reyndar var ég eitthvað búinn að vera sjálfur með trillur áður, byrjaði á því 1987.“

Faðir Guðmundar er Einar Guðmundsson, kallaður Dengsi, og móðir hans Ásdís Hrólfsdóttir. „Móðir mín er fædd á Hesteyri og ættuð af Ströndum. Hún missti föður sinn ung og fór þá fyrst til Ísafjarðar og síðan til Bolungarvíkur. Pabbi er innfæddur Bolvíkingur en ættaður úr Innþjópinu.“

Ásgerður Jónasdóttir eiginkona Guðmundar er frá Ísafirði, dóttir Jónasar Guðbjörnssonar frá Hafrafelli og Sólveigar Sörensen.

„Pabbi hennar varaði hana við þegar hún var unglingur, sagði henni að passa sig á helvítis Bol-

víkingunum. En þetta breyttist þegar hann vissi að ég var sjómaður og ætlaði í Stýrimannaskólann og væri þess vegna einn af máttarstólpum samfélagsins. Og við erum ennþá hjón eftir fjörutfu og eins árs samveru,“ segir Guðmundur.

Börn þeirra Ásgerðar og Guðmundar eru þrjú. Jónas Guðmundsson er elstur, fæddur 1976, síðan er Einar Guðmundsson, fæddur 1981, og yngst er Tinna Björg Guðmundsdóttir, fædd 1984.

Nýr bátur og rækjukvóti

Fram kom í fréttum núna fyrir stuttu, að Mýrarholt ehf. í Bolungarvík hafi keypt togbátinn Margréti SH frá Rífi ásamt 12% aflahlutdeild í innfjarðarækju í Ísafjarðardjúpi. Guðmundur Einarsson er eigandi Mýrarholts ásamt Jóni Þorgeiri bróður sínum, endurskoðanda í Bolungarvík, og sonum þeirra beggja. Aðspurður hvort frekari aflaheimildir en hlutdeildin í Djúprækjunni hafi fylgt með í kaupunum segir Guðmundur svo ekki vera. „Því er nú verr og miður, það verður ekki ennþá, í það minnsta,“ segir hann.

Báturinn hét áður Valgerður BA. Upp í kaupin fara tveir handfærabátar, Ásdís ÍS og Vísir ÍS. Margrét var smíðuð í Póllandi og kláruð hjá Ósey í Hafnarfirði árið 1999. Báturinn var skutlengdur árið 2008 og hefur áður borið nöfnin Friðrik Bergmann SH, Bára SH og Valgerður BA. Báturinn verður fyrst og fremst á rækju en Guðmundur segir að seinna komi í ljós hvort að önnur tækifæri opnast, til að mynda með dragnótaveiðar. Rækjukvóttinn

sem þeir kaupa var áður á Matt-híasi SH sem var á rækjuveiðum í Ísafjarðardjúpi í vetur.

Á togurum og smábátum

„Eins og ég sagði, þá byrjaði ég að fara ferð og ferð með pabba mínum og Agga heitnum,“ segir Guðmundur þegar hann er bedinn að rekja sjómannsferilinn í stórum dráttum. „Stundum fékk ég líka að fara á stærri bát, Einari Hálfðáns, með afa mínum sem var kokkur. Svo þegar ég var fimmtán ára gamall var ég búinn að vera að væla í pabba að biðja um pláss fyrir mig á Sólrúnu í Bolungarvík, sem var 250 tonna tappatogari. Honum fannst ég nú heldur ungur til að ráða mig í þetta, hélt að ég myndi kannski ekki geta það. En við vorum síðan ráðnir upp á hálfan hlut, við Kristján Jón Guðmundsson, en á það reyndi ekki því það vantaði einn mann og við því ráðnir upp á heilan hlut. Það var eiginlega fyrsta alvöru sjómenskun hjá mér. Þar er ég með Einari Hálfðáns frænda mínum þetta sumar og líka næsta sumar. Síðan fór ég í Stýrimannaskólann.“

Eftir það byrjaði ég að fara á togarana hérna heima, Heiðrúnu og Dagrúnu. Síðan fer ég á Guðbjörgina sumarið 1979 og er þar alveg til 1997. Byrjaði þar sem háseti og endaði sem afleysingaskipstjóri. Svo hætti ég þar þegar Samherji keypti og þá fór ég út í smábátatúgerð á fullu. Þá létum við smíða fyrir okkur nýjan bát sem hét Guðmundur Einarsson, en höfðum áður átt tvo báta fyrir. Guðmundur Einarsson var Víkingur 800, þetta var 5,7 tonna bátur. Við vorum búnir að eiga færabáta síðan 1987, sem maður

var að hlaupa á í fríunum. Síðan voru nokkrir með nafninu Guðmundur Einarsson fram til 2004, en þá hætti ég þar og fór á stóran bát sem hét Einar Hálfðáns, 260 tonna bátur, áður Orri á Ísafirði. Síðan hefur sjómenskun hjá mér verið smátt og smátt að minnka þó að ég hafi alltaf verið viðloðandi þetta á bátum sem heita Einar Hálfðáns, sem við gerum út á línu, og Albatros, færa- og línubát sem ég hef róið á síðustu árin.

Fyrstu árin áttum við saman útgerðina ég, pabbi og Guðmundur Jens Jóhannsson mágur minn. Guðmundur fór síðan í eigin útgerð og kom þá Daði Guðmundsson föðurbróðir minn og áður Jón Þorgeir bróðir minn. Þegar pabbi og Daði komust á aldur var útgerðin seld til Bakkavíkur sem við áttum hlut í. Síðustu sjö árin höfum við Jón Þorgeir átt saman útgerð og gerum í dag út bátana Einar Hálfðáns og Albatros í félögum Blakknesi ehf. og Mýrarholts ehf.“

– Eruð þið líka með fiskvinnslu?

„Nei, við erum ekki með neina vinnslu. Á sínum tíma vorum við með í vinnslu í Fiskverkuninni Vík ehf. sem sameinaðist síðar Bakkavík hf., en það endaði nú frekar illa þannig að við höfum alveg látið það eiga sig síðan.“

Að vera vakandi og gefast ekki upp

– Þú ert annáluð aflakló.

„Ætli það megji ekki frekar segja að ég hafi verið duglegur að fara á sjó. Annars hefur þetta bara gengið alveg þokkalega.“

– Hver er lykillinn að því að vera góður aflamaður?

„Ég held að aðalatriðið sé að

vera vakandi og hafa eftirtekt, hafa áhuga fyrir hlutunum, og gefast ekki upp. Ég hef líka alltaf verið svo heppinn að hafa mikið af góðu fólki í kringum mig. Margir koma þar við sögu. Hrólfur bróðir minn, landformaður hjá okkur, hefur alltaf verið vakinn og sofinn yfir öllu í kringum útgerðina, aldrei í boði að slaka á þegar hann er nálægt.“

– Hvað eru margir í áhöfn á þessum litlu bátum?

„Eins og á Einari Hálfðáns er fjögurra manna áhöfn en það róa aldrei nema tveir í einu. Svo eru kallar í landi sem eru að beita. Á Albatros sem ég er með núna, sem rær bara með færi og línu, þá eru einn til tveir um borð.“

Tilfinningin ræður mestu

– Er það ekki endalaust nám að kynnast miðunum og vita hvert helst skal halda til veiða hverju sinni?

„Jú. Oft tekur maður mið af árinu á undan og reynslunni yfirleitt. En það gengur nú samt ekki alltaf upp. Þetta er endalaus lærdómur og þetta er ekki alltaf eins. En oft en nú leitað þangað sem maður hefur fengið fisk áður. Það er gott að þekkja botninn vel og hvernig landslagið er þar.“

– Skráirðu nákvæmlega hvar þú ert hverju sinni og hver árangurinn hefur verið? Eða er þetta meira tilfinningin?

„Nei, ég skrái ekki neitt hjá mér. Þetta er eiginlega bara tilfinningin. Svo eru allir bátar komnir með tölvuplottera og maður merkir inn þar sem maður fær einhvers staðar fisk, svona betri staði, og tekur eftir hvernig botninn er. Þegar einhver harður blettur er þar sem maður fær fisk,

Sælkerar vikunnar eru Sigríður Línberg Runólfssdóttir og Halldór Margeir Sverrisson í Bolungarvík

Kjúklingaréttur og heit kaka

Ég ætla að bjóða uppá uppáhaldsrétt fjölskyldunnar.

Kjúklingaréttur Geira

2 dl grillsósa (orginal)
1 dl sojasósa
1 dl aprikosusulta
100 gr púðursykur
50 gr smjör
Allt þetta hitað að suðu og hellt yfir kjúkling í bitum og eldað hæfilega lengi.
Og svo er það kakan

Heimsins besta rabarbarakaka

100 gr smjör
2 egg
2 tsk lyftiduft
2,5 dl sykur (má vera hrásykur)
3 dl hveiti (eða dl spelt og 1 dl hveiti)
Vanillusykur
3-4 dl rabarbari smátt skorin (Mér finnst betra að hafa mjóa leggi) Aðferð: Bræðið smjörið í

potti og blandið hveitinu saman við hrærið með sleif og blandið síðan hinu hráefninu saman við. Hellið í vel smurt form og bakið við ca 200 gr. í 20 mín. Stráið svoltið af sykri jafnt yfir kökuna og setjið í ofn (þá verður hún aðeins stökk) og berið fram með Örnurjóma.

Verði ykkur að góðu.

Við skorum á Ragnar Sveinbjörnsson í Bolungarvík til að vera næsti sælkeri vikunnar.



þá merkir maður hann inn á plott-
erinn. Það hjálpar manni að
muna, en oft er þetta bara tilfinn-
ingin. Bara það sem manni dettur
í hug, en það heppnast ekkert
alltaf þó að það geri það oft.“

Meðferðin á fisk- inum hefur stórlagast

– Kvótakerfið hefur verið þrot-
laust umræðuefni og deiluefni í
fjölda ára. Hvaða viðhorf hefur
þú til þess?

„Ég var nú á sjó áður en kvóta-
kerfið kom á og hef verið það
alla tíð síðan það kom til sögunn-
ar. Ég var algerlega andstæður
kvótakerfinu þegar það var sett
á. En munurinn sem ég sé fyrir
og eftir kvótakerfi er, að um-
gengnin við fiskimiðin er miklu
betri. Eins og viðhorfin voru á
togurunum fyrir tíð kvótakerfis-
ins, þá var ekki verið að koma
með gott hráefni. Það var verið
að taka mjög stór höl þannig að
oft var þetta hálfgert gúanó. Í
dag eru menn bara reknir ef þeir
ganga illa um miðin. Umgengnin
er allt önnur.

En það má alltaf deila um
braskið í kringum þetta, að menn
geti selt kvótann frá sér og lagt
heilu byggðarlögin í rúst. Það er
náttúrliga umdeilanlegt. En það
þurfti að hagræða, það var ekkert
sem mátti veiða, það var búið að
skera þorskkvótann svo mikið
niður að það varð að gera eitthvað.
Og meðferðin á fiskinum
hefur stórlagast og ég þakka kvóta-
kerfinu það fyrst og fremst.“

– Framtíð sjávarbyggðanna úti
um land og þó sérstaklega á
Vestfirðum, hvernig sérðu hana
fyrir þér?

„Vinnslan er orðin svo full-
komin í dag. Þeir staðir sem eru
nærri flugvellinum í Keflavík
virðast standa aðeins framar en
við erum á eftir, því er nú verr og
miður. Það verða alltaf einhverjir
staðir sem dragast aftur úr þó að
maður voni það besta. En það er
bara ekki hægt að vera með frysti-
hús og togara á hverjum stað. Það
gengur ekki upp, kvótinn
leyfir það ekki.“

Makrillinn, sílið og fuglalífið

– Hefur þú einhverjar áhyggjur
af framtíð fiskistofnanna? Ein-
hver hætta á að þeir hrynji?

„Nei, ekki út af ofveiði, engin
hætta á því. Það þyrfti þá eitthvað
annað að koma til í lífríkinu.
Stofnarnir eru allir mjög góðir.
Þorskurinn er mjög sterkur. Það
er mjög gott að ná í fisk í dag.
Það væri ekkert gaman ef það
væri allt of stór floti á þessu og
allir að eyða olíu og fá ekki neitt.
Það er miklu ódýrara að ná í
hvert kíló eins og þetta er. Ég
held að herna séu engir stofnar í
hættu, nema þá sílið, og þá út af
makrílnum. Sílið er náttúrliga í
stórhattu.“

– Makrillinn, vel á minnst,
hann hefur verið að koma hingað
á nýjar slóðir í stórum stíl síðustu

árin og talið að það sé vegna
hlýnunar í hafinu. Hefur þú orðið
var við einhverjar aðrar sérstakar
breytingar á fiskigengd sem rekja
mætti til slíks?

„Það eina sem ég hef séð og
varð áberandi var við í fyrra og
líka árin á undan, að eftir að makr-
íllinn kemur á svæðið, þá hreinsar
hann upp allt æti og allt fuglalíf
hverfur. Það deyr út og það sést
ekkert fuglalíf aftur fyrr en á
vorin. Til dæmis er allt iðandi í
svartfugli herna núna, svo kemur
makríllinn á miðju sumri og
hreinsar upp allt sílið. Ég hef
miklar áhyggjur af þessu. Það
hverfur allt líf. En það gengur
ágætlega að ná í fisk fyrir því.
Það hefur ekkert breyst, ekki
ennþá að minnsta kosti.“

Lenti í höfninni í Bolungarvík

– Hvaða atvik eru þér einna
minnisstæðust frá sjómannsferl-
inum í meira en fjörutíu ár?

„Nú er stórt spurt!“ segir Guð-
mundur og hlær. „Minnisstæð-
ast? Maður er búinn að fara svo
margar ferðir. Ég eiginlega veit
það ekki.“

– Aldrei lent í sjávarháská?

„Ja, nei, ekki beint. En ég hef
farið í sjóinn. Það var reyndar í
höfninni herna í Bolungarvík.
Við fórum á sjó, ég og Guð-
mundur Jens mágur minn, á þess-
um 5,7 tonna bát sem við létum
smíða fyrir okkur. Þegar við
komum út í Djúpkjafstinn, þá leist
mér einhvern veginn ekki á veðrið
og sneri við. Höfnin var öll
full af ís og það var kalt. Við
vorum að færa bátinn til í höfn-
inni, ég var frammá og ætlaði
svo að labba aftur fyrir, en hrasaði
í krapanum á dekkinu og datt í
sjóinn,“ segir Guðmundur og
hlær.

„Hann varð ekkert var við
þetta, og ég ætlaði að synda
að bryggjunni, en sá að ég
myndi fljótlega örmagn-
ast í kuldanum þannig
að ég fór að öskra á
hann. Þá sér hann mig
og ég er að synda að
bátinum, en um leið
og ég er að sökkva
nær hann í hettuna á
mér. Hann náði að
þrykkja mér um borð,
en það voru mikil átök.
Hann sagðist hafa verið lengi
að jafna sig eftir það. Ég á honum
líf mitt að þakka.“

– Varstu orðinn mjög kaldur?

„Já, ég var byrjaður að kólna,
það var helvíti kalt því höfnin
var öll í mínus og öll í krapa og
ís. En ég fór bara heim í heita
sturtu og var góður eftir. Þá hét
ég að snúa aldrei við aftur, betra
væri að halda áfram á sjóinn!

En þegar maður lítur til baka,
þá eru nú sumar sjóferðir sem
hefði mátt sleppa. Þegar maður
var yngri og áráðnari var maður
kannski ekki svo mikið að spá í
þetta.“

Eftirminnilegur steinbítsróður

– Viltu nefna eitthvert dæmi?

„Ja, ég get kannski sagt frá
einni sjóferð. Við Ólafur Jens
Daðason frændi minn fórum í
steinbítsróður, ætli það hafi ekki
verið í apríl eða maí, og vorum út
af Arnarfirðinum á eitthvað
sextán-átján mílum. Alveg blíðu-
veður. Vorum að róa frá Þingeyri.
Við vorum búnir að draga svolít-
inn slatta og vorum að leggja
líka. Ég var einhvern veginn al-
veg búinn á því og segi við Jenna:
Það er best að leggja sig smá-
stund, fá sér smákrú, veðrið er
ekkert að fara að versna, enginn
bakki í hafinu. Síðan legg ég mig
smástund, það átti eftir að draga
eitthvað fjórtán bala.

Síðan vakna ég og þá er
byrjað að ýfa sjó. Við
kláruðum að draga og
sjóinn þyngdi alltaf
og komið alveg djöf-
ulsins veður. Ég segi
að þetta hljóti að
lagast þegar við
kæmum upp á átta
mílnar. En það
lagðist ekkert, það
versnaði alltaf, kom-
in átta-níu vindstig og
þungur sjór. Við vor-
um bara á átta tonna
trillu. Ég þorði ekki að
lensa, hann var svo
leiðinlegur á lensi, svo
að ég lét bara vaða inn á

Arnarfjörðinn. Það braut á Arnar-
firðinum, það var ekki fyrr en
við vorum komnir vel inn fyrir
fjarðarkjafstinn að það fór að
draga úr þessu. Við fórum langt
inn á fjörðinn og sigldum svo út
með Sléttanesinu. Þetta er sjóferð
þar sem maður hefði átt að taka
mark á veðurspánni í stað þess
að fara að leggja sig.“

Helvítis báturinn mátti fara – Fleiri tilvik?

„Ég man eftir einu atviki þegar
gerði kolbrjálað veður á okkur
þegar ég var á Guðbjörginni á
Ísafirði, fyrsta skuttogaranum.
Við vorum úti á Hala í þungum

sjó og vorum að hífa. Það voru
sex tonn af þorski í, sem þótti
bara fínt. Svo var kastað aftur
og við vorum varla sestir niður
strákarnir að frá okkur kaffisopa
áður en við byrjuðum að blóðga.
Þá var kallað hífopp og við
skildum ekki neitt í neinu. Þá
kallar kallinn að súrra allt niður.
Við gerðum allt sjóklárt og svo
var byrjað að dóla upp. Þá hafði
skip út af Patreksfjarðarflóanum
látið vita að þar væri komið
arfavitlaust veður. Þetta var með
verra veðri sem ég hef lent í
þegar við vorum að sigla upp.

Sem dæmi um veðurofsann,
þá barst í tal að zódiakinn væri
að losna og hvort ekki væri rétt
að fara út og festa hann betur.
Geiri Bjartar skipstjóri vildi það
alls ekki og sagði að helvítis
báturinn mætti fara, hér færi
enginn maður út á dekk. Í þessu
mikla óveðri fórust tveir rækju-
bátar í Djúpinu. Þetta var rosa-
legt veður og skellti á eins og
hendi væri veifað.“

Að steikja harðsoðin egg

Guðmundur segir að strák-
arnir á Guggunni hafi verið
skemmtilegir og uppátækja-
samir þegar hann var að byrja
þar sem háseti.

„Já, þetta voru fjörugir



PÁSKAR 2014
ÍSAFJARÐARBÆR
 BYGGT Á METSÖLUBOKHINI
AFBRIGDI
DIVERGENT
 SÍÐASTA SÝNING
 MIÐVIKUDAG KL 8

EINVÍGID Í AMAZON
 Synd bæði í 2D og 3D á Íslensku
 og í 3D á ensku

rio2
PÁSKAMYND 2014
 FIMMTUDAG KL 8. Í 3D Á ENSKU
 Mánudag 2. í Páskum kl 3, í 2D Ísl Tal
 Mánudag 2. í Páskum kl 5, í 3D Ísl tal

PÁSKAMYND 2014
 FRÁ MEIÐSTA FRAMLEIÐENDUNUM
 SEM FÆRÐU OKKUR PARANORMAL
 OG FLEIRI ÞRUSUMYNDIR KEMUR
OCULUS
 MÖGNUD
 SPENNUMYND
 Mánudag 2. í Páskum kl 8.
 Þriðjudag kl 8.

PÁSKAR 2014
 UPPHITUNIN SEM KLIKKAR ALDREI !!!
BOOZIN Á KRÚSIN 15. APRÍL 23.00-03.00
DJ JB
 KRÚSIN MIÐVIKUDAGSKVÖLD 16. APRÍL 00.00 - 03.00
 Fimmtudagur 17. Apríl kl 21.00 til 24.
OFFVENUE KVÖLD
 ALDREI FÓR ÉG SUDUR UPPHITUN

KRÚSIN **RETRO** **STEFSON** PÁSKAR 2014
 Fostudag Langa
 Eftir 24.00 - 04.00
 Retro Stefson
 DJ sett í Krúsinni

PÁSKAR 2014
PRESIDENT BONGO
 GJÓRSAMLEGA TRYLLTI LIÐIÐ Á SÍÐUSTU PÁSKUM
 KRÚSIN LAUGDAGSKVÖLD 19. APRÍL 23.00 - 03.00

SSSOL Í KRÚSINNI
 „ERU EKKI ALLIR SEXY“
PÁSKAR 2014
PÁSKADAG EFTIR 24.00 - 04.00

strákar. Eins og Hrólfur Ólafsson og Friðrik Sigurðsson, eða Iddi, eins og hann var kallaður. Alltaf mikið líf í kringum þá. Endalaus prakkarastrik og skemmtilegheit.“

Einhverju sinni hafði Iddi gleymt að læsa búrinu.

„Við stálum nokkrum eggjabökkum og fórum með þá í klefana hjá okkur. Svo var hann að ræsa okkur einn morguninn í helvítis brælu þegar hann sér skúffurnar opnast og sá eggjabakkana. Þegar við vorum komnir á vaktina sótti hann egginn og harðsaut þau og setti aftur á sinn stað. Síðan þegar Hrólfur ætlaði að fara að spæla ofan í okkur egg, búinn að setja á sig svuntu og setja smjör á pönnu og farinn að syngja, þá gat hann ekki brotið eitt einasta egg.“

Sjóveikur framan af

– Hefurðu nokkurn tímann verið sjóveikur?

„Já, ég var alveg rosalega sjóveikur fyrst. Þegar ég var að byrja fimmtán ára á tappatogaranum, búinn að vera að væla í pabba

allan veturinn að biðja um pláss fyrir mig, og var búinn að vera í nokkra daga drullusjóveikur, þá grenjaði maður yfir því að hafa verið svo vitlaus að biðja um þetta. En þetta smáhjaðnaði af manni, það tók dálítinn tíma. En ég hef ekki fundið fyrir sjóveiki síðustu áratuginna, alveg sama þó að ég hafi ekki farið á sjó í tvo-þrjá mánuði, þá finn ég aldrei fyrir henni.“

Guðmundur segir að stóru smábátarnir, eins og þeir eru kallaðir, þrjátíu tonna bátar, séu allir alveg yfirbyggðir í dag.

Ýsan og fræðingarnir

„Enda þarf þetta að vera þannig, þetta er hörð sókn á þeim. Mjög hörð sjósókn og þessir bátar þurfa að vera góðir. Síðan er það líka þannig, að miðin eru full af ýsu. Við megum ekki veiða ýsuna því að það er svo lítið skammtað, þannig að það þarf að sigla ansi djúpt, þarf að sigla yfir alla ýsuna til að ná í þorsk.“

– Það er búið að tala um þetta árum saman að það sé helst ekki



hægt að stunda fiskveiðar fyrir ýsu. Af hverju má ekki veiða ýs-

una?

„Fræðingarnir virðast ekki finna hana. Það er alltaf verið að tala um fiskifræði sjómannsins og að það eigi að taka mark á henni, en það er bara ekkert hlustað á okkur. Það hefur aldrei verið annað eins af ýsu í sjónum og núna og samt er ekki verið að úthluta nema eitthvað þrjátíu og sjö þúsund tonnum eða hvað það er. Það er skelfilegt að þurfa að vera að sigla yfir þetta langt út á haf á litlum bátum þegar hægt er að veiða miklu nær. En þeir eru ekki sammála okkur. Þeir virðast ekki finna þessa ýsu.“

– Koma fiskifræðingar aldrei til að fá að fara með ykkur í róður?

„Nei, þeir sjást ekki, spyrja ekki, hringja ekki. Þeir vita þetta betur en við og eru ekkert að leita til okkar.“

Hjónin bæði farið holi í höggi

Þegar talinu er beint að áhugamálum fyrir utan sjómennskuna kemur golfið til sögunnar.

„Við hjónin byrjuðum í golfi árið 2005 og höfum verið hálfgerðir golfsjúklingar síðan. Konan fór holi í höggi fyrir fáeinum árum, og svo þegar ég ætlaði að fara að segja henni eitthvað til eftir það, þá sagði hún bara að ég skyldi halda mig á mottunni, ég hefði aldrei farið holi í höggi. En sem betur fer tókst mér nú að fara holi í höggi í fyrra, þannig að hún getur núna haft sig hæga.“

Þetta var í bæði skiptin á Íslantilla-vellinum úti á Spáni sem þau fóru holi í höggi, Ásgerður á þrettándu braut, Guðmundur á þeirri áttundu.

Ög skal þessu spjalli við aflaklóna Guðmund Einarsson þar með lokið, ekki á Vestfjarðamiðum heldur á golfvelli úti á Spáni.

– hpm



ÍSAFJARÐARBÆR

Auglýsing um deiliskipulag fyrir miðbæ og hafnarsvæði á Þingeyri, Ísafjarðarbæ. Framlengdur athugasemdafrestur

Í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkt ofangreinda deiliskipulagstillögu á fundi sínum þann 6. febrúar 2014.

Deiliskipulagið tekur til miðbæjar- og hafnarsvæðis á Þingeyri, þ.e. byggðar við Fjarðargötu og Hafnarstræti milli hafnar og upp fyrir Brekkugötu. Skipulagssvæðið er um 19,2 ha að stærð.

Með samþykkt tillögu að deiliskipulagi þessu fellur deiliskipulag hafnarsvæðis frá árinu 2001 úr gildi.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 7 óráðstöfuðum lóðum á athafna- og þjónustusvæði, á miðbæjarsvæði eru tvær lóðir sem ætlaðar eru fyrir nýbyggingar, Fjarðargata 3 og 12. Sérstök áhersla er lögð á verndun elstu byggðarinnar og uppbyggingu gamalla húsa. Gert er ráð fyrir að færa Gramsverslun frá Vallargötu 1 yfir á nýja lóð við Hafnarstræti.

Deiliskipulagstillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum í Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði, á N1 á Þingeyri, íþróttamiðstöð Þingeyrar og á heimasíðu Ísafjarðarbæjar www.isafjordur.is. Athugasemdafresturinn er framlengdur til 28. apríl 2014. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna. Skila skal inn athugasemdum á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði. Þeir sem ekki gera athugasemdir við skipulagstillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

Ísafirði 10. apríl 2014.

Jóhann Birkir Helgason, sviðstjóri framkvæmda- og eignasviðs.



Nafn:

Kári Þór Jóhannsson.

Uppruni:

Frá Ísafirði.

Flickr-síða:

Facebook síða Sjávarfangs.

flickr™



Afhverju Ljósmyndun?

Það er svo margt sem kemur fyrir og maður sér eða rekst á og verður að geyma það á mynd svo aðrir geti séð það líka, þó síðar verði.

Fyrsta græjan?

Canon myndavél sem Leó ljósmyndari seldi mér á sínum tíma þegar hann rak ljósmyndastofu á Ísafirði. Góð filmuvél sem ég notaði mikið.

Skemmtilegasta kóðakmómentið?

Augnablikið þegar maður sér hlutinn og gerir sér grein fyrir honum áður en hann hverfur.

Hvað er í dótakassanum?

Canon EOS 7D, linsur, filter og fleiri græjur.

Á hvern skorar þú?

Gísli Halldór Halldórsson.





Sportið í beinni...

Miðvikudagur 16. apríl

kl. 18:45 Man. City - Sunderl.

Föstudagur 18. apríl

kl. 16:15 Blackpool - Burnley

kl. 18:30 Doncaster - Derby

Laugardagur 19. apríl

kl. 11:45 Tottenham - Fulham

kl. 14:00 West Ham - Crystal P.

kl. 14:00 Newcastle - Swansea

kl. 14:00 Cardiff - Stoke

kl. 14:00 Aston V - South.ton

kl. 16:30 Hull - Arsenal

kl. 18:00 Atletico M - Elche

Sunnudagur 20. apríl

kl. 11:00 Norwich - Liverpool

kl. 13:00 Chelsea - Sunderl.

kl. 15:00 Everton - Man. Utd.

Mánudagur 21. apríl

kl. 14:00 Burnley - Wigan

kl. 16:00 Leeds - Nottthingh.

kl. 19:00 Man. City - WBA

Dagar Íslands

16. apríl 1915: Gullfoss, fyrsta skip Eimskipafélags Íslands, kom til Reykjavíkur og var því vel fagnað. Gullfoss var fyrsta vélknúna millilandaskip sem smíðað var fyrir Íslendinga og hafi frá byrjun íslenska skipstjóra og íslenska áhöfn. Skipið var í siglingum milli landa til ársins 1940.

17. apríl 1913: Járnbraut, sú fyrsta og eina á Íslandi, var tekin í notkun. Hún lá frá Öskjuhlíð að Reykjavíkurböfn og var notuð til grjóftlutninga, aðallega til 1917 vegna hafnargerðar en að einhverju leyti til 1928 vegna annarra tilfallandi verkefna.

18. apríl 1903: Eldur kom upp í húsinu Glasgow, sem stóð milli Fischersunds og Vesturgötu í Reykjavík, en þar var stærsta hús sem reist hafði verið á Íslandi. Ekki varð við eldinn ráðið en fólk bjargaðist með naumindum.

Helgarveðrið

Horfur á fimmtudag:

Gengur í hvassa SA átt síðdegis með talsverðri rigningu eða slyddu, Hlýnar í veðri.

Horfur á föstudag:

SV 13-20 m/s með éljum. Dregur úr vindi og éljum með kvöldinu. Hiti 0-5 stig.

Horfur á laugardag:

SV 5-13 m/s og skúrir eða él. Hiti 0-5 stig.

Horfur á sunnudag:

Útlit fyrir SA átt, 3-10 m/s og lítilsháttar vætu með köflum. Hiti 0-7 stig.

Krossgátan



	Jón Steingr.	Háttur	50	Reipi Hag-sældin	↙	Ferð ↑	↘	Gabba
	→							↘
	Ísl.st.		Stafur Gjálfur			>		
	Árás		Handbor					
Upphr.		Frá Veisla	Slag Leyfi			>		
			Myrkur					
Sauga							Frá	
Garm							Skipstjóri	
↘				Hress				Átt
				Jötunn				Snúast
Fyrirgefið Óðagot		✓				Reyki		
				>		Skóli Virki		
Stefna								
↘			Sérhlj.	Sund-færið				
			Átelur	Sérhlj.				
Samhlj.	↓	Hindra					Tónn	
Fljóta		Hakan					Tónn	
↘				Rásina	↘	✓		↘
Marhnút Lífið							Samhlj.	
							Tíu 551	Hjákona
Æfðir								
↘					Sprota			
					Góð			
Ílátið					Beitu			Númer
Ambátt					Kæk			↘
↘			Átt		Tjóni			
			Spenni-vidd		Lyftiduft			
Sérhlj.		Vel-megun					✓	
Fugl		Upphr.						3 eins
↘				Hnúður Tala				↓
				Tónn				>
☹		⇒				Ganga úr lagi		

BÍLAVERIÐ ehf

Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is



Gámapjónusta
Vestfjarða ehf

ÁSINN

2x10 lítra
á sleða + karfa.
Mál: 25 x 38/35cm

Sími: 456 3710
gamarvest.is



Lausn á síðustu krossgátu

Jón Steingr.				S	H			H			N
	E	N	G	I	N	N	⇒	E	R	⇒	J
	K	Á	R	N	I	A	F	L		H	Á
	K	R	A	N	K	U	R		R	Æ	L
	I		L	A	T	M	Æ	L	I	R	A
	↓	Á	L		V	A	F		M	R	
A	M	B	A	G	A		↑	S	I	I	S
F	I	R	R	A		S	T	A	L	↓	J
	S	E	I	G	L	A	S	T		Þ	Ó
Ó	S	K		G	A	U	R	A	S	Ó	A
	I	K	E	A		M	Y	N	T	↓	Ð
D	R	I	F		L	U	F	S	A	H	A
	⇒	S	Á	⇒	E	R	⇒		B	A	R
			L	M	N		S	K	Í	N	
Æ	F	F	L	E	S	K	K	U	L	N	A
R	É	S	⇒	I	K	Y	E	R	H	⇒	M
	E	F	A	Ð	A	N	K	R	Á	K	A

Sudoku þrautir

8					6			
	4	6	5					
			4	1	7		8	
	1					8		4
9		4		8		7		5
7		8					6	
	7		8	5	9			
					1	3	9	
			3					8

					3			1
1				8			3	
7			9				2	4
2				5			6	
	5		7		6		1	
	4			3				9
8	2				4			5
	3			6				2
5			8					

Hafnarstjórn harmar ákvörðun Vísis

Hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar harmar tilkynningu Vísis hf. um að loka starfsstöð fyrirtækisins á Þingeyri og segir að erfitt verði fyrir höfnina að halda úti stöðugildi við Þingeyrarhöfn hætti Vísir starfsemi á staðnum. Í ályktun frá hafnarstjórn segir: „Hafnarstjórn harmar þá tilkynningu Vísis hf. um að loka starfsstöð sinni á Þingeyri.

Starfsemi Vísis hefur verið hryggjarstykkið í starfssemi hafnarinnar á Þingeyri og er forsenda þess að halda úti stöðugildi á höfninni. Hafnarstjórn hefur áhyggjur af framtíð veiða og vinnslu á Þingeyri og skorar á fyrirtækið að endurskoða ákvörðun sína. Hafnarstjórn beinir því einnig til bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar leitað verði allra þeirra leiða sem hugsast getur til að lágmarka skaðann.“

40 ára kaup- staðarafmæli

Bolungarvík átti 40 ára kaupstaðarafmæli fimmtudaginn 10. apríl en þann dag árið 1974 staðfesti forseti Íslands lög um kaupstaðarréttindi sveitarfélagsins. Stutta seinna, eða þann 1. júní sama ár, var síðan haldinn fyrsti fundur bæjarstjórnar Bolungarvíkur á skrifstofu Guðmunds Kristjánssonar sveitarstjóra og samþykkt var á fundinum að ráða hann sem bæjarstjóra.

Ólafur Kristjánsson var kosinn forseti bæjarstjórnar. Aðrir bæjarfulltrúar á fundinum voru Guðmundur B. Jónsson, Guðmundur Agnarsson, Hálfðán Einarsson, Guðmundur Magnússon, Kristín Magnúsdóttir og Valdimar L. Gíslason.

Ganamaður til BÍ/Bolungarvíkur

BÍ/Bolungarvík hefur fengið miðjumanninn Quincy Osei til liðs við sig. Osei er 24 ára gamall Ganamaður en hann lék í fyrra með AC Kajaani í C-deildinni í Finnlandi. Osei hefur áður leikið í Serbíu og á Maldíví-eyjum auk þess sem hann lék með FC Haka í finnsku úrvalsdeildinni árið 2010. Þá var Osei hluti af liði U23 ára liði Gana í undankeppni fyrir Ólympíuleikana árið 2012.

Osei mun styrkja miðjuna hjá BÍ/Bolungarvík en liðið verður án Nigel Quashie næstu vikurnar eftir að hann fótbrotnaði í Lengjubikarleik á dögnum. Quashie ætti þó að verða klár áður en keppni í 1. deildinni hefst 10. maí. Frá þessu er greint á fotbolti.net.

Þjónustuauglýsingar

JAKOB VALGEIR EHF
Grundarstíg 5
415 Bolungarvík
450 7700

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

66°N **Sjóvinnufatnaður**
Stígvél og vettlingar
Þjónusta í heimabyggð 1983-2013

Öll almenn húsmíði
Bolungarvík
456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Umboðsaðili fyrir **GLERBORG**

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði
www.verkvest.is

VERK VEST

ENDURSKOÐUN Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910
VESTFJARÐA ehf

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Bílasala
456 3800
Bílaverkstæði
456 4580

BÍLATANGI HF. (ÍSAFIRÐI)
Suðurgötu 9

Kampi EHF

Rækjuvinnsla:
Sindragötu 1 • 400 Ísafjörður • Sími: 450 4000
Fiskvinnsla:
Hafnargötu 90 • 415 Bolungarvík • Sími 450 7507 / 863 2600

HRAÐFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- spjálfrætt niðring stjórnaudlunda



NÝJAR UMBÚÐIR – SAMI GÓÐI SÓL SAFINN

NÝKREISTUR SAFI BEINT Í FLÖSKUNA

Í EINNI FLÖSKU AF SÓL SAFA ER SAFI ÚR 8 FLORIDA APPELSÍNUM

EKKERT FJARLÆGT – ENGU BÆTT VIÐ!



Það eru einungis FLORIDA APPELSÍNUR í Sól safanum. Þær eru HLAÐNAR VÍTAMÍNUM og nauðsynlegum BÆTIEFNUM. Appelsínurnar eru HANDTÍNDAR af trjám á nákvæmlega réttu þroskastigi og pressaðar ein í einu.

SÓL APPELSÍNUSAFI ER HREIN NÁTTÚRUAUFURÐ